

**Greinagerð**

**Malbikunarstöð  
Akureyrarbæjar**

**við Súluveg  
Akureyri**

**Akureyrarbær**

**Akureyri, nóvember 2014 (útg. 2)**

## Efnisyfirlit

Almennar upplýsingar	2
Starfsleyfi	2
Upplýsingar um rekstaraðila	2
Upplýsingar um atvinnurekstur	2
Áhrif á umhverfið	4
Hráefna- og auðlindanotkun	5
Útblástursloft og önnur losun	5
Önnur gögn sem fylgja	5

## Almennar upplýsingar

Malbikunarstöðin er hluti af framkvæmdamiðstöð Akureyrarbæjar og rekin undir yfirstjórn framkvæmdadeildar Akureyrarbæjar.

Deildarstjóri framkvæmdadeildar er Helgi Már Pálsson, tæknifræðingur.

## Starfsleyfi

Malbikunarstöðin starfar skv. starfsleyfi sem var gefið var út 8. október 2004. Starfsleyfishafi er Akureyrarbær, Geislagötu 9, 600 Akureyri. Það var gefið út af Umhverfisstofnun og gildir til 1. júní 2015.

Eftirlit með starfsemi er í höndum Umhverfisstofnunar.

Númer fyrirtækjaflokks, sbr. fylgiskjal með reglugerð um grænt bókhald, er 6.11.

## Upplýsingar um rekstraraðila

Ábyrgðarmaður umsóknar	Tómas Björn Hauksson
Sími ábyrgðarmanns	460-1107/840-1107
Netfang ábyrgðarmanns	<a href="mailto:tomash@akureyri.is">tomash@akureyri.is</a>
Nafn fyrirtækis	Malbikunarstöð Akureyrarbæjar
Kennitala fyrirtækis	410169-6229
Starfstöð fyrirtækis	Súluvegur
Póstnúmer og staður	600 Akureyri
Netfang fyrirtækis	ekki til
Annar tengiliður	Helgi Már Pálsson
Sími	460-1104/898-2445
Netfang	<a href="mailto:helgi@akureyri.is">helgi@akureyri.is</a>

## Upplýsingar um atvinnurekstur

### Umfang malbiksdeildar

Malbikunarstöðin framleiðir í dag aðalega malbik til eigin nota og meðalframleiðsla síðustu 3 árin verið um 6.200 tonn af malbiki. En árið 2010/2011 var malbikssölu til þriðja aðila nánast hætt sem þíðir að framleiðsla síðustu ár er töluvert minni en árin þar á undan. Núgildandi starfsleyfi heimilar 25.000 tonna framleiðslu af malbiki ár ári. Malbikunarstöðin rekur einnig 1.400 tonna asfalttank sem áður fyrr var selt úr til þriðja aðila en nú er hann eingöngu nýttur fyrir malbikunarstöðina og meðal gegnumstreymi síðust 3 árin hafa verið um 420 tonn.

Framleiddar eru jafnaði um 5 malbikstegundir á hverju ári.

Y 8	stærsta steinastærð 8 mm
Y 12	stærsta steinastærð 11 mm
Y 16	stærsta steinastærð 16 mm
Y 12 dúró	stærsta steinastærð 11 mm
Y 16 dúró	stærsta steinastærð 16 mm

### **Staðsetning og deiliskipulög**

Malbikunarstöðin er staðsett við Súluveg á Akureyri og löndunargeymir er staðsettur á hafnarkanti við Skipatanga (Naustatangi)

Sjá nánar á meðfylgjandi uppdráttum.

Deiliskipulagsuppdráttur Malbikunarstöð: Dsk\_2009-12-16\_006

Greinargerð deiliskipulags Malbikunarstöð: Gre\_Malbik

Deiliskipulag-asfalttankur

Greinargerð asfalttankur

### **Framleiðslan**

Steinefni í mismunandi stærðarflokkum er sett í skammtarann en þaðan fara steinefnin á færbandi inn í þurktromluna þar sem efnin eru þurkuð við ca. 160°C. Flotaolía er notuð til upphitunar en að öðruleyti gengur stöðin fyrir rafmagni. Fínefnið/ryk skilst frá í þessu ferli og fer í filter ásamt útblástursloftinu, grófari efnin fara áfram í blöndunareininguna þar sem þau eru sigtuð í nokkrar stærðir. Í filternum er rykið síað frá útblástursloftinu. Því næst eru sigtuðu efnin vigtuð ofaní hræru og fínefninum er bætt við úr filternum. Síðan er heitu asfaltinu blandað saman við. Þetta blandast allt saman við um 150-160°C þegar hræran er tilbúin fer hún á vagn sem flytur malbikið í geymslusíló þar sem því er haldið heitu þar til að það er sótt og flutt á bílum á framkvæmdastað þar sem því er sturtað í útlagningarvélinu.

### **Staðhættir við vinnslustað**

Malbikunarstöðin er á um 2,5 ha lóð sem er staðsett norðan Súluvegar. Lóðin afmarkast af Súluvegi að sunnan og Glerárgili að norðan. Engin önnur starfsemi er í nánasta umhverfi ef frá er skilið hesthúsahverfi sem liggur 450 m suð-austan lóðar og skrifstofur Vegagerðar Ríkisins, ásamt nokkrum geymsluskúrum 700 m austan og neðan hennar. Lóðin liggur við skilgreint náttúruverndarsæði Glerár sbr. Aðalskipulag Akureyar 2005-2018. Náttúruverndarsvæðið nær frá fjöru til fjalls og er hugsað sem framtíðar fólkvangur. Akureyrarbær hefur nú þegar samþykkt fólkvanginn en tillagan bíður staðfestingar ráðherra. Norðan ár er einnig Akstursíþróttar- og skotsvæði á Glerárdal. Lóðin er á malarkambi og er gróður umhverfis lóðina að mestu gras og móar. Um það bil 100 m norðan lóðarmakanna rennur Glerá til sjávar, í djúpu gili. Ríkjandi vindáttir eru norðan- og suð-vestanáttir.

Síðan að svæðið var deiliskipulagt hefur Akureyrarbær unnið að endurbótum á svæðinu í samræmi við makmið skipulagsins. (sjá nánar í 4. lið greinargerðar) Þ.e.a.s. fært athafnarsvæðið fjær bakkannum, unnið að landmótum við lóðarmörkin í austur og til suðurs. Búið er að útbúa nýtt athafnarsvæði á lóðinni í stað svæðisins við bakkann. Eftir er að fara í útplöntun við lóðarmörkin í austur og suðurs og stendur til að fara í útplöntun næsta haust þegar jarðvegsmótun til suðurs verður lokið. Við uppgræðslu bakkans verður notaður jarðvegur sem er innan lóðar og verður tækifærið notað þegar plönin verða stækkuð. Með því móti lárkast allur akstur með efni.

## Áhrif á umhverfið

### Fráveitumál

Salerni og vaskur eru tengd við rotþró sjá nánari staðsetningu á uppdrætti: Fraveita-uppdrattur. Yfirborðsvatn rennur um olíuskilju sem er vöktuð skv. verklagi sjá nánar blað: MA1070-Eyðublað-Tæmingar olíuskilju og annara spilliefna

### Hljóðvist

Malbikunarstöðin er notuð í um 5-6 mánuði á ári og er hávaði frá henni afar takmarkaður. Þó er tækjahvinur samfelldur á meðan stöðin er í gangi (að jafnaði u.þ.b. 200 klst. á ári) en vegna staðsetningar gætir hans ekki í byggð. Hins vegar gætir hljóðmengunar frá vinnuvélum að og frá svæðinu á starfstíma, en hefur þó lágmarksáhrif vegna fjarlægðar sinnar frá byggð.

Skv. hljóðmælingu sem fór fram 13. nóvember 2014 er hljóðstigið innan marka. Sjá nánar skjal: 20141113-malbikunarstöð hljóðmæling

### Mengunarvarnir

Til að fylgjast með og takmarka ryk út í andrúmsloftið við framleiðslu malbiks þá er reglubundin skoðun skv. verklagsreglum nr. MA 1020 með hreinsibúnaði ásamt árlegri mælingu á ryki. Við framleiðslu malbiks er rykið sem fellur til úr hreinsunarbúnaði endurnýtt í malbikið. Hreinsunarbúnaðurinn er byggður upp á pokasíum.

### Áætlun vegna rekstrarstöðvunar

Sjá skjal nr. MA1090 Vidbragsaaetlun-vegna rekstarstodvunar

### Viðbragðsáætlanir

1.1-Vidbragsaaetlun-ryk-MA

MA1001-Viðbúnaður og viðbröð við umhverfisatviki

MA1002-Neyðar- og viðbragðsáætlun

## Hráefna- og auðlindanotkun

Malbiksframleiðsla á árunum 2005 - 2013 var að meðaltali um 10.500 tonn á ári. Við framleiðsluna voru því notuð um 9.800 tonn af steinefnum og um 660 tonn af asfalti að meðaltali á hverju ári. Steinefnin eru að mestum hluta unnin úr klöpp við Krossanes skammt norðan Glerár sem og frá námu í landi Skútabergrs við Moldhaugnaháls, einnig er flutt inn steinefni frá Noregi.

### Malbikunarstöð

#### Olíunotkun

Til þurrkunar og upphitunar steinefna er notuð flotaolía. Heildarmagn á olíu á árunum 2005 - 2013 var að meðaltali um 92.000 lítrar á ári eða um 9 lítrar á hvert tonn af malbiki.

#### Raforkunotkun

Malbikunarstöðin er rafmagnsdrifin og einnig er rafmagn notað til að halda asfalti heitu. Raforkunotkun á árunum 2005 - 2013 var að meðaltali um 283.000 kwst. á ári eða 32 kwst. á framleitt tonn af malbiki.

### Asfaltgeymir

#### Raforkunotkun

Til að halda asfalti heitu í löndunargeymi er notuð raforka. Raforkunotkun á árunum 2005 - 2013 var að meðaltali um 306.000 kwst. á ári eða 292 kwst. á hvert tonn af asfalti sem fór í gegnum löndunargeyminn.

## Útblástursloft og önnur losun

Samkvæmt starfsleyfi grein 3.2 skal mæla ryk í útblásturslofti að minnsta kosti einu sinni á ári og má það ekki vera meira en 100 mg/Nm<sup>3</sup> skv. grein 2.1.í starfsleyfi.

Síðasta mæling ryks fór fram xx. nóvember 2014 og reyndist heildarryk úr beinni mælingu frá brennslunni vera um 6,3 mg/Nm<sup>3</sup> að meðaltali. Sé mæligildið umreiknað að 17% súrefni var 4 mg/Nm<sup>3</sup>.

Einnig var mæld mengun frá olíuskilju/frárennsli en niðurstaðan var <2 mg/L af fitu.

## Önnur gögn sem fylgja

Deiliskipulagsuppdráttur: Dsk\_2009-12-16\_006

Greinargerð deiliskipulags: Gre\_Malbik

Deiliskipulag-asfalttankur

Greinargerð asfalttankur

1.1-Umhverfisstefna-MA

1.1-Vidbragsaetlun-ryk-MA

MA1001-Viðbúnaður og viðbröð við umhverfisatviki

MA1002-Neyðar- og viðbragðsáætlun

MA1010-Áætlun um reglulegt eftirlit og skráningar MA

MA1020-Áætlun um rekstur og viðhald rykhreinsibúnaðar

MA1070-Eyðublað-Tæmingar olúskilju og annara spilliefna  
Trygging vegna bráðamengunar: Trygging  
Fraveita-uppdrattur  
20100324-ahættumat malbikunarstod  
20141113-malbikunarstod hljóðmæling  
MA1090-Viðbragðsáætlun-vegna-rekstrarstöðvunar